

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.09.2016
Málalýkill	1111
Mál nr.	1609270

Bæjarráð Garðabæjar.

Varðar beiðni um leyfi til að staðsetja skúr fyrir bréfdúfur á opnu svæði sunnan gamla Álftanesvegjar, rétt utan innkomu að jarðgerðasvæði Garðabæjar. Til vara leyfi á öðrum stað, t.d. í Garðahverfinu eða Álftanesi.

Nú þegar eru 2 kofar eða bréfdúfnahús á þessum stað skv. leyfi frá umhverfisstjóra. (Sjá meðf. afrit). Þessi hús eru um 12 m² að stærð og um 2m að hæð, falla vel inn í umhverfið, fallega (ný)máluð í grænum lit (sjá mynd) og allt umhverfis þá mjög snyrtilegt. Þess má geta að Hafnarfjarðarbær gaf leyfi fyrir 10 bréfdúfnahúsum við Krísvíkurveg fyrir um fimm árum, það svæði er fullskipað. Einnig er aðstaða fyrir þetta sport sunnan við álverið í Straumsvík og er það einnig fullskipað. Þá má geta þess að þessi staðsetning við gamla Álftanesveginn er mjög góð fyrir bréfdúfnakeppni. Bréfdúfnafélag Íslands fékk leyfi til fundahalda í Bjarnastaðaskóla og þar fer einnig fram móttaka og skráning á keppnisfuglum á útsvæðinu við skólann á sumrin.

Um bréfdúfur og bréfdúfkeppni.


Hér á landi keppa um 20 manns með bréfdúfur, en fleiri eiga þó fugla án þess að keppa. Þegar bréfdúfuungi er fullvaxinn og fleygur þá er honum sleppt út úr kofanum sínum. Hann byrjar á að fljúga umhverfis kofann og lengir flugið smátt og smátt. Hann kemur alltaf heim á þann stað þar sem hann fer út í fyrsta skipti, hann lendir bara á sínum kofa, lendir aldrei á húspökum annara, það eru villtir fuglar sem þar sjást og er sá stofn er hverfandi. Eftir mánuð á hann það til að fljúga í allt að 2-3 klst. í einu. Þegar svo er komið fara menn með fuglana í þjálfun, keyra þá til þingvalla eða austur fyrir fjall og sleppa þeim (fluttir í sérútbúnum kössum). Fuglarnir fljúga heim á miklum hraða, allt að 1500 metra á mín. Sama gildir um undirbúning fullorðinna fugla, þeir þekkja auðvitað sinn stað en þurfa sitt flug heima fyrir og þjálfun 2-3 sinnum, 50-100 km. í senn. Undirbúningstímabilið er 5-6 vikur og eru þá fuglarnir tilbúnir í keppni sem hefst um miðjan maí.

Hver fugl er merktur á fæti með sínum lífhring, t.d. ISL-2016 nr.6441 og á hinum fætinum er keppnishringur. Keppni fer fram á laugardögum frá miðjum maí og fram í ágúst. Á föstudagskvöldi mæta menn með fuglana í keppni, skrá (skanna) þá inn, þegar því er lokið eru fuglarnir settir í kassa, hver keppandi má senda allt að 40 fugla í keppni. Félagið á sérútbúna kerru sem flytur fuglana á sleppistað en þeir eru: Hrauneyjarfoss, Freysnes, Höfn, Grímsstaðir, Langanes. Sá fugl sigrar sem flýgur hraðast heim en þeir geta náð miklum hraða allt að 1500-1600 metrum á mín. við góðar aðstæður. Fuglarnir eru t.d. 5-6 klst. að fljúga frá


Langanesi og heim. Ekki er keppt nema veður leyfi. Þegar fuglinn kemur heim úr keppni lendir hann á platta og skannast inn, svokallað Benzing-live system sendir þá samstundis inn á netið (símana) hraða fuglins (metra á mín.) og í hvaða sæti fuglinn lendir. Um 500-700 fuglar keppa að jafnaði. Þegar góður keppnisfugl hættir að keppa eftir 2-4 ár er hann jafnan valinn til ræktunar. Helsti óvinur bréfdúfunnar er fálkinn, hættulegastur er hann á vorin þegar dúfan er að fara út í fyrstu skiptin eftir vetrardvölina, svakalegur eltingaleikur og barátta, en sem betur fer er það ekki daglegt brauð. Bréfdúfurnar eru alfarið inni frá október og fram í apríl. Þegar bréfdúfan er kominn í form á fálkinn ekki möguleika. Ekkert dýr fær jafn gott fæði og bréfdúfan, sérhannað fóður fyrir keppni, annað fyrir vetrartímann, sérfóður fyrir unga o.s.frv. (Sjá bækling). Umhirða fuglanna er mikil og góð. Þó nokkuð er um fólk og börn komi og skoði fuglana, einnig hafa ferðamenn komið í stórum stíl, skoðað og myndað.

Með ósk um jákvæðar viðtökur.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Jónsson
Spóaási 17, Hafnarfirði



Matthías Ólafsson
Brekubýggð 2, Garðabæ

G.J. er fæddur og uppalinn í Garðahverfinu, bjó framan af í Garðabænum eða alls í 32 ár, starfaði með skóla hjá Garðabæ, Stjörnumaður í húð og hár, var formaður handknattleiksdeildar Stjórnunnar 1980-1984.

M.Ó. er í dag starfsmaður hjá Garðabæ.